

## Ljóðalestur

### Faðir vor

### Vikivaki

Sunnan yfir sæinn breiða  
sumarylinn vindar leiða.  
Draumalandið himinheiða  
hlær - og opnar skautið sitt.  
Vorið kemur, heimur hlýnar,  
hjartað mitt!

Gakk þú út í græna lundinn,  
gáðu fram á bláu sundin.  
Mundu, að það er stutt hver stundin,  
stopult jarðneskt yndi þitt.  
Vorið kemur, heimur hlýnar,  
hjartað mitt!

Allt hið liðna er ljúft að geyma  
- láta sig í vöku dreyma.  
Sólskinsdögum síst má gleyma,  
segðu engum manni hitt!  
Vorið kemur, heimur hlýnar,  
hjartað mitt.

*Jóhannes úr Kötlum / Valgeir Guðjónsson*

## Moldun, blessun

### Eftirspil: Bóleró *Tómas R. Einarsson*



Prestur: Séra Davíð Þór Jónsson  
Píanó: Gunnar Gunnarsson  
Harmóníka: Reynir Jónasson  
Slagverk: Kristófer Rodríguez Svónuson  
Kontrabassi: Tómas R. Einarsson

Söngur: Hildigunnur Einarsdóttir  
Jóhann Sigurðarson

Upplestur: Guðrún S. Gísladóttir

Umsjón útfarar: Útfararstofa kirkjugarðanna

Alúðarþakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug



# María Kristjánsdóttir

Fædd 19 mars 1944  
Dáin 27. desember 2024

Útför frá Neskirkju  
föstudaginn 17. janúar 2025





## Forspil: Hægt en bítandi

*Tómas R. Einarsson*

### Bæn

### Ég þekki konur

Ég þekki konur  
með eld í æðum,  
frjálsar í skapi,  
fyndnar í ræðum,  
sem þekkjja lífið  
og lífsins sorgir,  
en minnst sjaldan  
á brunnar borgir.

Æskan svívirt  
og eiðar lognir,  
en brennumenn  
í burtu flognir.  
Heimurinn dæmir þær  
hyggjuspilltar,  
um nætur bestar –  
í nautnum villtar.

Dæmir þær úrhrök  
og einskis virði,  
og dræpi þær eflaust,  
ef hann þyrði.  
Heimur! Skolaðu  
hendur þínar,  
ég þekki sjálfur  
systur mínar.

Konur, sem dansa  
með dauðann í hjarta,  
sem kunnu' að elska,  
en ekki að kvarta.  
Konur, sem hlæja  
og hylja tárin,  
og brosa fegurst,  
þá blæða sárin.

*Böðvar frá Hnífsdal / Rússneskt þjóðlag*



### Guðspjall

### Völuvísa

Eitt verð ég að segja þér áður en ég dey  
enda skalt þú börnum þínum kenna fræði mín,  
sögðu mér það álfarnir í Suðurey,  
sögðu mér það dvergarnir í Norðurey,  
sögðu mér það gullinmura og gleym-mér-ei  
og gleymdu því ei:  
að hefnist þeim er svíkur sína huldumey,  
honum verður erfiður dauðinn.

*Guðmundur Böðvarsson / Auður Haraldsdóttir*

### Minningarorð

### Þökk sé þessu lífi

Þökk sé þessu lífi  
hve það var mér örlátt  
af því hlaut ég augun  
opna ég þau bæði  
sé og sundurgreini  
svart frá hinu hvíta  
og efst í hæðum  
sé ég himin þakinn stjörnum  
í mannhafinu  
manninn sem ég elska.

Þökk sé þessu lífi  
hve það var mér örlátt  
af því hlaut ég hjarta  
hrærist það að rótum  
er ég sé hvern ávöxt  
elur hugsun mannsins  
og allt sem gott er  
svo víðsfjarri því vonda  
er lít ég í þín  
augun undurskæru.

Þökk sé þessu lífi  
hve það var mér örlátt  
hlaut ég af því hlátur  
hlaut ég einnig tregann  
til að greint ég gæti  
gleðina frá harmi  
þetta tvennt sem elur  
alla mína söngva  
og söngvar mínir eru ykkar söngvar,  
og söngvar mínir eru ykkar söngvar  
og söngvar allra eru sömu söngvar.

*Violeta Parra, þýð. Þórarinn Eldjárn*

